



Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi

Fundargerð

122. stjórnarfundur Símenntunar á Vesturlandi var haldinn föstudaginn 25. ágúst 2023 kl. 13:00. Fundurinn var haldinn að húsnæði Símenntunar Smiðjuvöllum 28 Akranesi. Mætt: Hrafnhildur Hallvarðsdóttir formaður, Silja Eyrún Steingrímsdóttir, Anna Jóna Kristjánsdóttir og Björn Bjarki Þorsteinsson. Jóhanna María Sigmundsdóttir varamaður sat fundinn á Teams, en vék af fundi kl. 13:50.

Guðrún Vala Elísdóttir framkvæmdastjóri ritaði fundargerð.

Formaður bauð alla velkomna og gengið var til dagskrár.

Dagskrá fundar:

Formaður setur fund.

1. Staða verkefna

Framkvæmdastjóri fer yfir stöðu verkefna og er af nægu að taka. Ennþá er til óráðstafað fjármagn úr fræðslusjóði.

Nýr samingur er í vinnslu við Borgarbyggð v. ráðgjafar við flóttafólk.

Nám í stóriðju hefst 5. sept.

Fyrirhugaðir eru fundir með VMST og StarfVest um samstarf á haustönn.

Nýr samningur í vinnslu við Fjölmennnt fyrir haustönn.

Skipulagning námskeiða fyrir Velferðarskóla Vesturlands er hafin.

Innflytjendaverkefnið verður Fjölmenningsarskóli Vesturlands og þar undir öll fræðsla sem við kemur fjölmenningu t.d. menningarfærninámskeið og fræðsla um fordóma og góð samskipti.

Styrkurinn til íslenskukennslu er fullnýttur, en athugandi að nýta fjármagn t.d. frá stéttarfélagum eða úr innflytjendaverkefninu.

Stéttarfélagsnámskeið i ferli og nú er búið að senda út könnun um áhuga og eru komin rúm 300 svör. Stefnt á að halda námskeiðin í október og nóvember og svo febrúar og mars á næsta ári.

Samstarf við Ríkismennnt v. náms- og starfsráðgjafar fyrir ríkisstarfsmenn að hefjast.

2. Milliuppgjör

Framkvæmdastjóri lagði fram sex mánaða uppgjör 2023. Tap ársins er kr. 219.491 en var 2.195.088 á sama tíma 2022. Stjórn þakkar fyrir greinargott yfirlit.

3. Starfsreglur stjórnar.

Í 5.gr. endurskoðaðra samþykktar segir: Stjórnin skal setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar. Starfsreglur lagðar fram og samþykktar af stjórn. Reglurnar verða sendar til stjórnar í rafræna undirritun.

4. Lokaákvörðun um prófagjöld

Stjórn tók þá ákvörðun að frá og með haustönn 2023 verði greitt fyrir öll fjarpróf og engin hámarksgreiðsla. Tvö verð eru; 3000 kr. fyrir próf að 2 tímum og 4000 fyrir öll önnur próf sem eru lengri en 2 tímar. Þetta gildir jafnframt fyrir sjúkra- og endurtektarpróf.

5. Starfsmannamál

Framkvæmdastjóri óskar eftir því að stækka starfshlutfall tveggja starfsmanna á haustönn. Stjórn tekur jákvætt í erindið og felur framkvæmdastjóra að fylgja því eftir og senda tillögu á stjórn þegar nánari tilhöggun liggur fyrir.

6. Önnur mál

Ákveðið að fundargerðir verði ávallt sendar út í tölvupósti og samþykktar rafrænt.

Ákveðið að endurskoða laun framkvæmdastjóra skv. samningi og formanni falið að annast það.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:10.